

Fundur í skólaráði Ártúnsskóla - 24. apríl 2021

Fundurinn var fjarfundur á google meet og mættir voru: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir fulltrúi stjórnenda, Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir fulltrúi leikskóla, Bárður Steinn Jóhannesson fulltrúi starfsmanna, Hanna Sóley Helgadóttir fulltrúi frístundar, Guðmundur Páll Friðbertsson fulltrúi foreldra, Helga Tryggvadóttir fulltrúi foreldra, Helga Guðrún Snjólfsdóttir fulltrúi foreldra, Valdimar Ísfeld Snæbjörnsson fulltrúi nemenda og Söldís Perla Marteinsdóttir fulltrúi nemenda.

Ellen stýrði fundinum og fyrst á dagskrá var samþykkt skóladagatal. Skóladagatalið hafði verið sent í tölvupósti á fulltrúa skólaráðs tveimur vikum fyrir fundinn þannig að fulltrúar gætu kynnt séð það fyrir fundinn. Skólaráð samþykkti skóladagatalið án athugasemda.

Næst á dagskrá var endurskoðun á starfsáætlun skólaráðs fyrir næsta skólaár. Í vetur hafa fundirnir verið á 4ra vikna fresti en Ellen lagði til að fundirnir yrðu hafðir á sex vikna fresti frá og með næsta skólaári með þeim fyrirvara að hægt væri að funda aukalega eftir þörfum ef eitthvað sérstakt kemur uppá.

Nemendafjöldaspá næsta skólaár er sú sama og í vetur um 175 nemendur. Það eru að fara frá okkur 15 nemendur í 7. bekk og búið er að innrita 16 nemendur í verðandi 1. bekk. Þannig að nemendafjöldi næsta skólaár stendur nánast í stað.

Maiáætlun var næst á dagskrá en þær fara heim með nemendum í fyrstu vikunni í maí og gilda frá 10. maí – 10. júní. Dagskrá maí daga er með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í ár höfum við sett inn dag til að halda upp á nýju skólalóðina okkar og við ætlum okkur að hafa vorhátíð hjá okkur þann 7. júní og ætlum að leita til foreldrafélagsins um það hvort þau geti komið eitthvað að hátíðinni með okkur.

Nemendaverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur eru veitt árlega og tilnefning grunnskólanna þarf að senda inn fyrir 15. maí. Við tilnefnum einn nemanda á hverju ári og við vinnum að tilnefningu þessa dagana.

Vinna stendur yfir við skipulag næsta skólaár. Einhver tilfærsla verður á kennurum innan skólans en við erum að fara af stað með að auglýsa eftir kennara í textílmennt og umsjónarkennara á miðstigi.

Nemendakönnun skólapúlsins er lögð fyrir í nóvember og apríl. Niðurstöður liggja ekki fyrir úr apríl könnuninni en fyrirlögn er að ljúka og niðurstöður berast í byrjun maí. Niðurstöður munu vera settar á heimasíðu skólans undir mat á skólastarfi þegar þær berast.

Skráning í sumarfrístund er hafin og skráning gengur vel. Hanna Sóley verkefnastjóri frístundar er á leiðinni í veikindaleyfi í byrjun maí og Hildur, Ellen, Óðinn og Ástrós munu skipta verkefnum hennar á milli sín á meðan á því varir. Hanna vinnur að stuðningsumsóknum fyrir nemendur í frístund þessa dagana og sú vinna er langt komin.

Skilafundir vegna 5 ára barna úr leikskólunum eru núna um mánaðamótin. Kennari í 1. bekk næsta vetur verður Lilja Rut sem er að skila af sér 7. bekk núna.

Í lok fundar ræddi Ellen um það að fulltrúar foreldra í skólaráði þurfa að ákveða fyrir næsta skólaár hvort þeir gefi kost á sér til að sitja áfram og ef ekki að láta vita þannig að hægt sé að fá inn nýja fulltrúa í staðinn.

Fundinn ritaði

Guðrún Bára Gunnarsdóttir